

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 96/97
frá 28. nóvember 1997**

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/97 frá 12. nóvember 1997⁽¹⁾.

Tilmæli nr. 21 frá 28. nóvember 1996 um beitingu a-liðar 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 gagnvart atvinnulausum einstaklingum sem fylgja maka sínum sem starfar í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki, samþykkt af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um félagslegt öryggi farandlaunþega⁽²⁾ skulu felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4.7 (tilmæli nr. 20) í VI. viðauka við samninginn:

„4.8 **396 X ...**: Tilmæli nr. 21 frá 28. nóvember 1996 um beitingu a-liðar 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 atvinnulausum einstaklingum sem fylgja maka sínum sem starfar í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki (Stjttíð. EB nr. C 67, 4. 3. 1997, bls. 3).”

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 67, 4. 3. 1997, bls. 3.

2. gr.

Fullgiltur texti tilmæla nr. 21 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner